

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. febrúar 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á dráttarvél af fyrirtækirnu Y. X segist hafa greitt herra kaupverð fyrir dráttarvélinu en um hafi verið samið og krefst þess að fá kr. 152.235 endurgreiddar. Þá krefst X þess að seljandi efni loforð sín um að laga hemla dráttarvélarinnar. Einnig að seljandi greiði sér sanngjarnar bætur vegna þeirra óþæginda sem hann hafi orðið fyrir svo og missi afnota af dráttarvélinni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 20. janúar. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 27. janúar. Með bréfi, dags. 30. janúar sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni er svohljóðandi lýsing á málsatvikum:

„Áramótin 2007-2008 hóf ég leit að nýrri dráttarvél með baggagreið til þess að kaupa og hafði m.a. samband við A, sölumann hjá Y. Mér hafði boðist tilboð frá öðrum aðilum þar sem baggagreið átti að fylgja kaupum á dráttarvél og lét ég því A vita að slíkt tilboð (að fá baggagreiðina fríu með dráttarvél) væri forsenda þess að ég myndi versla við fyrirtækið (*sjá fylgiskjal nr. 1*). Á komst munnlegur samningur um kaup á dráttarvélinni B ásamt baggagreið og átti umsamið verð að vera kringum fjórar og hálf milljón fyrir utan vsk., þ.e. heygreiðin átt að fylgja vélinni að kostnaðarlausu. Þegar ég kom seinna til fyrirtækisins til þess að sækja og greiða fyrir vélinu var mér afhentur reikningur fyrir dráttarvélinu að fjárhæð kr. 4.433.900 auk vsk., ásamt 116.100 kr. fyrir baggagreiðina (*sjá fylgiskjal nr. 2*). Ég féllst ekki á að greiða þessa fjárhæð fyrir baggagreiðina, enda hafði fyrra samkomulag við A leitt til þeirrar niðurstöðu að baggagreiðin hafi átt að fylgja vélinni mér að kostnaðarlausu. Eftir að hafa rætt betur við sölumann Y féllst hann á að fyrrgreindur samningur yrði virtur og gerði því nýjan reikning fyrir dráttarvélinu eina og sleppti reikningnum fyrir baggagreiðina (*fylgiskjal nr. 3*). Ég greiddi því 4.433.900 fyrir dráttarvélinu og fékk baggagreiðina fríu með.

Fljótlega eftir kaupin kom í ljós að hemlar vélarinnar virkuðu ekki eins og ætla mætti þannig að ég hafði því samband við Z hjá Y vegna gallans. Í framhaldinu var vélin tekin til viðgerðar hjá Y og fékk ég hana afhenta tveimur dögum seinna, en þá síst betri en áður. Ég var mjög ósáttur við þessa viðgerð, sem í raun bætti ekki úr fyrrgreindum galla, þannig að ég fór með dráttarvélinu til skoðunar hjá Frumherja og leiddi sú skoðun í ljós að hemlarnir næðu lágmarkshemlun (*sjá fylgiskjal nr. 4*). Þar sem um er að ræða nýja

dráttarvél tel ég með öllu ófullnægjandi að hún sé haldin slíkum alvarlegum galla, enda er mér ekki óhætt að nota vélina. Enn í dag er fyrrgreindur galli á vélinni þrátt fyrir að ég hafi ítrekað krafist úrbóta af Y.

Eftir að ég hafði kvartað undan galla í hemlum vélarinnar fór fyrirtækið að krefja mig um sérstaka greiðslu fyrir baggagreipina fyrst í maí 2008 (*fylgiskjal nr. 5*). Þarna eru liðnir rúmlega fimm mánuðir síðan kaupin voru staðgreidd og tel ég það vera nokkuð ljóst að þessa óvæntu innheimtu megi rekja til ágreinings sem ég átti við fyrirtækið vegna galla í hemlum vélarinnar.“

Álitsbeiðandi segir munnlegan samning hafa verið gerðan um að baggagreipin fylgdi með í kaupum á dráttarvélinni. Um hafi verið að ræða staðgreiðsluviðskipti í desember 2007 fyrir dráttarvélina og baggagreipina og við afhendingu hafi farið fram fullnaðaruppgjör á milli aðila. Það hafi fyrst verið nokkrum mánuðum síðar að seljandi hafi krafist sérstakrar greiðslu fyrir baggagreipina sem verið hafi í andstöðu við það sem um hafi verið samið.

IV

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi vottorð frá fyrirtækinu Z. til álitsbeiðanda og er skjalið dags. 8. desember 2008. Í því segir að í desember 2007 hafi fyrirtækið gefið álitsbeiðanda tilboð um að selja honum D dráttarvél með stoll róbust 15 ámoksturstæki með skóflu og innifalin sé tanco baggagreip án greiðslu. Tilboðsverðið sé kr. 3.790.000 og virðisaukaskattur kr. 928.550, samtals kr. 4.718.550.

Þá fylgdu álitsbeiðninni tveir reikningar, báðir dags. 27. desember 2007. Fyrri reikningurinn, sem ekki er áritaður um að hann hafi verið greiddur, er fyrir B dráttarvél með ámoksturstækjum fyrir kr. 4.433.900 og eina baggagreip fyrir kr. 116.100, eða samtals kr. 4.550.000, auk virðisaukaskatts kr. 1.114.750. Síðari reikningurinn er fyrir sömu dráttarvél og sömu fjárhæð, kr. 4.433.900, og virðisaukaskattur er kr. 1.086.305. Á þeim reikningi er ekki getið um baggagreip. Á reikninginn áritar seljandi að vélin hafi verið staðgreidd, en virðisaukaskattur sé á ávísun 15. apríl 2008.

Þá fylgdi álitsbeiðninni reikningur frá Y, dags. 15. október 2008, fyrir einni baggagreip kr. 116.000 og virðisaukaskatti kr. 28.420. Einnig ítrekunarbref fyrirtækisins til álitsbeiðanda, dags. 6. maí 2008, þar sem krafist er greiðslu reiknings nr. 7562 að fjárhæð kr. 144.545 og sagt að 20. maí verði krafan sent til frekari innheimtu. Seljandi sýnist áður hafa sent álitsbeiðanda það sem kallað er kreditreikningur og nýr reikningur, en þessi reikningur er ekki á sama formi og hinir tveir fyrri. Á honum er dagsetningin 27. desember 2007. Segir í þessu skjali að verð dráttarvélarinnar sé kr. 4.433.900 og baggagreiparinnar 116.100 og virðisaukaskattur 1.114.750. Sagt er að baggagreipin ásamt virðisaukaskatti sé ógreidd, samtals kr. 144.545. Þessa fjárhæð sýnist álitsbeiðandi hafa greitt 7. desember 2008 ásamt vöxum og kostnaði eða samtals kr. 152.235. Álitsbeiðandi krefst þess að Y endurgreiði sér þessa fjárhæð eins og fyrr er rakið.

Í tölvupósti frá starfsmanni Y til álitsbeiðanda frá 8. maí 2008 segir að í samtali frá því í gær sé eftirfarandi áréttað:

„Samkvæmt tilmælum frá Landini erum við búnir að panta nýja höfuðdælu í dráttarvélina þína. Við höfum samband við þig þegar hún er komin. Þjóðumst við til að sækja vélina þegar varahluturinn er kominn og skila henni aftur.

A sölumaður okkar bauð þér vélina á kr. 4.550.000 auk vsk. Tilboðið samþykktir þú að því tilskildu að við létum rúllubaggagreið fylgja frítt með henni við útskrift reiknings var greiðin skráð sérstaklega á kr. 116.100 auk vsk. Á móti var grunnverð vélar lækkað um 116.100 kr. auk vsk eða í 4.433.900 kr. Alls 4.550.000 auk vsk, eins og um var samið.“

Álitsbeiðandi svaraði framangreindum tölvupósti 13. maí og segir þar eftirfarandi:

„Er ég hafði samband við A sölumann hjá þér var aldrei samið um það verð sem A segist hafa samið um við mig heldur var mér sagt að verð vélarinnar réðist af gengi. Er ég kom til að gerða vélina greiddi ég reikning vélarinnar að upphæð kr. 4.433.900 auk virðisauka. Því tel ég að ég hafi greitt vélina að fullu.

A kvaðst láta setja baggagreið á vélina mér að kostnaðarlausu, ef ég keypti vél hjá sér. Eins og kemur fram í tölvupósti frá þér.

Eins og þú veist hefur vélin verið ónothæf vegna þess að hemlar vélarinnar virka ekki eins og til er ætlast. Þrátt fyrir mörg símtöl við A hefur vélin ekki verið löguð þannig að hún væri nothæf.

A kvaðst sjálfur hafa kvartað undan hemlum vélarinnar við þjónustuverkstæði Y. Undirritaður fór fram á það við A að hann tæki vélina aftur vegna þessa galla. Ekkert svar hefur komið við þeirri beiðni.

Samkvæmt lögum er seljanda skylt að skaffa annað tæki á meðan viðgerð fer fram ef líður meira en ein vika frá afhendingu vélarinnar.

Vegna þess að vélin hefur verið ónothæf frá upphafi hefur það valdið undirrituðum talsverðum kostnaði og fyrirhöfn sem krafist er bóta fyrir.“

Álitsbeiðninni fylgdi vottorð Frumherja um hemlaprófun á dráttarvélinni, dags. 28. apríl 2008, og segir þar að við prófun með hemlaklukku á malarvegi nái dráttarvélina ekki fullri hemlun. Dráttarvélina læsi afturhjólinum undantekningarlaust við harkalega hemlun án þess að framhjólin læsist þrátt fyrir laust undirlag. Niðurstöðu prófunarinnar er lýst með þessum hætti:

„Eins og fram kemur í niðurstöðu hemlaprófsins sem gert var í hemlaprófanum þarf mjög mikið ástig til að virkja hemlana á framási. Hjólin læstust fyrst við 525 N ástig sem er heldur minna en leyfilegt er (hámarkið er 500 N ástig). Til að ná sambærilegri hemlun á afturöxli þarf einungis 42% ástig miðað við það ástig sem þarf á framöxul.

Þetta verður að teljast frekar slök niðurstaða fyrir nýtt tæki að það rétt nái lágmarkshemlun við prófun af þessu tagi. Einnig er mjög erfitt að stjórna hemluninni þar sem mjög þungt ástig þarf til að virkja hemlana.“

V

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum seljanda segir eftirfarandi:

„X var gert tilboð í dráttarvél af gerðinni B með tækjum og skóflu og einni í Alu rúllubaggagreið, samtals kr. 4.550.000.- án vsk.og kr. 5.664.750 með vsk. sbr. hjálaga fylgiskjal. Í kauptilboði til X er tilgreint kaupverð á vél og tækjum annars vegar og baggagreið hins vegar. Kaupverð vélar var lækkað sem nemur kaupverði X á baggagreið enda umsamið kaupverð tilgreint og samþykkt af X í tilboði Y. X greiddi því þá krónutölu sem um var samið fyrir þau tæki sem hann fékk afhent.

Nokkru eftir kaup á dráttarvélinni kvartaði X undan því að bremsur vélarinnar virkuðu ekki sem skyldi, hún hafði þó fengið vottun/skoðun frá Frumherja að hún væri í fullkomnu lagi. Við þessu var brugðist og bremsur og bremsufetill hækkaður upp og liðkaður, sem X þóttu of þungar. Hér var brugðist við óskum kaupanda þó svo að ekki væri um galla á vélinni að ræða. Þá var í ágúst 2008 farið vestur og vélin yfirfarin og bremsur prófaðar og í samanburði við aðrar sambærilegar vélar reyndist þessi vél ekki frábrugðin hvað bremsur varðar. Í samtali við X þegar þessi skoðun var framkvæmd var hann sáttur við bremsur vélarinnar. X var ósáttur við fyrri skoðun á vélinni og fékk Frumherja til þess að skoða vélina á ný. Niðurstaða þeirrar skoðunar var að vélin uppfyllti þau skilyrði sem sett eru með slíka vél og á það við bremsur sem og annað.

Við afhendingu vélarinnar neitaði X að greiða andvirði baggagreiðar eins og hún var framsett á reikning, hann gerði hins vegar ekki athugasemdir um heildarkaupverð vélarinnar með baggagreið. Það lá því ljóst fyrir þegar í upphafi hvaða krónutölu X ætti að greiða fyrir dráttarvél og baggagreið og var þegar hafin innheimta á eftirstöðvum tilboðs, sem var andvirði baggagreiðarinnar. Það er beinlínis rangt með farið hjá X að ekki hafi verið hafin innheimta á þessum mismun fyrir en í maí 2008. Nægir að nefna fjölda símtala E og A, starfsmanna Y við X vegna innheimtu skuldarinnar.

Fyrir liggur að Y hefur boðist til að skoða vélina vegna óánægju X með bremsur, það tilboð stendur enn og hefur verið eftir því gengið við X hvenær hann vill fá það framkvæmt.

Því er hér með alfarið hafnað að galli sé á dráttarvélinni eins og fram kemur í greinargerð X enda ekki færð nein rök eða skoðunarvottorð þar um.

Þá er því einnig hafnað að X hafi átt að greiða lægri upphæð en tilboð sagði til um og því hafnað að endurgreiða X vegna viðskiptanna.

Hafnað er með öllu greiðslu á bótum eins og X fer fram á í greinargerð sinni enda ekki séð á hvaða röksemdum slík kröfugerð er uppi.

Þá er því alfarið vísað á bug að innheimta á hendur X hafi hafist í maí 2008 og það enn áréttað að aðilar halli ekki réttu máli eins og hér er gert.“

Andsvörum seljanda fylgdi skjal sem ber dagsetninguna 19. desember 2007. Skjalið er ljóslega til álitsbeiðanda frá Y með kveðju frá A. Þar stendur: B með tækjum og skóflu 4,433,900 kr.

<u>Alu rúllubaggagreið</u>	<u>116,000 kr.</u>
Alls	4,550,000 kr.
Vsk 24,5%	1,114,750 kr.
Alls:	5,664,750 kr.

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hvorki hafa séð tilboð Y, sbr. það skjal sem að framan er rakið, né af því heyrt fyrir en honum hafi borist andsvör fyrirtækisins. Þá hafi hann haft samband við A í síma og hefði hann munað að ekki hefði gengið að senda tilboðið í tölvupósti og líklega hefði gleymst að afhenda það, enda fyndi hann ekkert um það í tölvunni sinni.

Álitsbeiðandi segir dráttarvélina ekki hafa verið leysta úr tolli fyrir en 11. janúar 2008. Í athugasemdum sínum segir álitsbeiðandi eftirfarandi um greiðslu á kaupverði dráttarvélarinnar:

„Er ég kom til að greiða vélina hjá Y þann 11/1 2008 var mér sýndur reikningur fyrir dráttarvél að upphæð kr. 4.433.900 og baggagreiðu að upphæð kr. 116.100. Ég sagði við afgreiðslustúlku að ég ætti ekki að greiða fyrir baggagreiðuna hún ætti að fylgja frítt með vélinni það hefði verið samið um það við A. Stúlka virtist hafa einhverja hugmynd um að ég væri að segja satt því hún sagði fyrirgefðu þetta eru mistök hjá mér ég útbý nýjan reikning sem ég greiddi á staðnum. Alla vega hefði stúlkan getað hringt í A til að fá frásögn mína staðfesta. Nei hún gerði það ekki vegna þess að hún vissi betur. Ég kannast ekki við að umrædd stúlka hafi verið í símasambandi við mig eftir þetta eins og segir í greinargerð F [þ.e. andsvörum Y].“

Um ástand hemla vélarinnar vísar álitsbeiðandi til vottorðs Frumherja sem er að hluta til rakið hér að framan og segir að samkvæmt því sé ekki hægt að telja hemlana vera í fullkomnu lagi.

Álitsbeiðandi lýsir því að í ágúst mánuði 2008 hafi tveir menn komið frá seljanda og lagfært eitt og annað í dráttarvélinni, en vegna tíma- og verkfæraleysis hafi ekki verið skipt um höfuðdælu eins og staðið hafi til og því þá frestað. Þá kannast álitsbeiðandi ekki við það að eftir því hafi verið gengið við sig af hálfu seljanda að fá að gera við hemla dráttarvélarinnar og segir að erindi sitt þar um hafi verið sent til þjónustudeildar seljanda en þaðan hafi ekki borist svör.

Þá segir orðrétt í athugasemdum álitsbeiðanda:

„Vélin var keypt með það fyrir augum að nota hana við heyskap á sumrin en hafa hana hér á Reykjavíkursvæðinu á veturna til að afgreiða heyrúllur til hestamanna þar sem ég hefi verið í heysölu. Vélin reyndist ekki í því lagi að óhætt væri talið að vera með hana hér við þröngar aðstæður þar sem hemlar vélarinnar eru ónothæfir við þannig aðstæður. Var því ákveðið að taka eldri vél sem ég á til að afgreiða heyrúllur hér í hesthús. Hefur því nýja vélina staðið verkefnalaus síðan í ágúst. Þetta ástand vélarinnar hefur valdið mér miklum skaða og fyrirhöfn og krafist er fullra bóta fyrir. Einnig er krafist endurgreiðslu á baggakló.“

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Ljóst er að álitsbeiðandi notar dráttarvélina sem hann keypti við atvinnurekstur. Viðskipti aðila falla því ekki undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 3. mgr. 1. gr. þeirra laga, heldur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

A

Í VI. kafla laga nr. 50/2000 er kveðið á um skyldur kaupanda að því er kaupverð varðar. Segir þar orðrétt í 45. gr.:

„Ef kaup eru gerð án þess að kaupverðið leiði af samningi skal kaupandi greiða fyrir söluhlut það gangverð sem er á sams konar hlutum, seldum við svipaðar aðstæður, við samningsgerðina, enda sé verðið ekki ósanngjarnt. Ef ekki er um neitt slíkt gangverð að

ræða skal kaupandi greiða það verð sem sanngjarnt er miðað við eðli hlutar, gæði hans og atvik að öðru leyti.

Í 47. gr. laganna segir eftirfarandi:

„Ef kaupandi hefur fengið reikning eða orðsendingu er hann bundinn við það verð sem þar kemur fram ef hann segir ekki til um það innan sanngjarns tíma að hann samþykki verðið ekki. Þetta á ekki við þegar lægra verð leiðir af samningi eða uppsett verð er ósanngjarnt.“

Í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi að komist hafi á munnlegur samningur við A sölumann Y, um kaup á dráttarvél af gerðinni B og hafi umsamið verð átt að vera í kring um fjórar og hálf milljón fyrir utan virðisaukaskatt en heygreip átt að fylgja með í kaupunum, þ.e. innifalin í verðinu. Álitsbeiðandi segist hafa greitt verð dráttarvélarinnar 11. janúar 2008, sem vel kann að vera, en um greiðslu þann dag liggja ekki fyrir gögn í málinu. Hins vegar liggur fyrir reikningur, dags. 27. desember 2008, þar sem verð dráttarvélarinnar er tilgreint vera kr. 4.433.900 og verð baggagreiðar kr. 116.100 eða samtals kr. 4.550.000 hvorttveggja án virðisaukaskatts. Þá liggur fyrir annar reikningur, dags. sama dag, þar sem verð vélarinnar er tilgreint kr. 4.433.900 án virðisaukaskatts en baggagreiðar ekki getið. Þessi reikningur er með kvittun fyrir greiðslu. Ekki verður betur séð af þessum reikningum en seljandi hafi staðið í þeirri meiningu að verð vélarinnar með baggagreiðunni hafi átt að vera kr. 4.550.000 eða nálægt því verði sem álitsbeiðandi segir að samið hafi verið um, enda þótt það væri lækkað á nýjum reikningi þegar álitsbeiðandi sagðist ekki eiga að greiða fyrir baggagreiðuna. Ekkert er komið fram um að verðið kr. 4.550.000 hafi út af fyrir sig verið ósanngjarnt fyrir bæði tækin. Álitsbeiðandi mótmælti þessu hins vegar á þeim tíma er reikningurinn var greiddur og þau mótmæli voru tekin til greina af starfsstúlku fyrirtækisins. Af frásögn álitsbeiðanda verður ekki séð að sölumaðurinn A, sem álitsbeiðandi segist hafa samið við um verð á dráttarvélinni, hafi komið að þessari lækkun eða samþykkt hana. Síðar var álitsbeiðandi hins vegar krafinn um viðbótargreiðslu sem nam verði baggagreiðarinnar og greiddi hann þá fjárhæð ásamt áföllnum kostnaði og án fyrirvara, a.m.k. ekki skriflegs, 7. desember 2008. Kæruneftndinni þykir þetta benda til þess að álitsbeiðandi kunni að hafa verið meðvitaður um að það verð sem hann greiddi fyrir söluhlutina tvo 11. janúar 2008 hafi verið lægra en upphaflega var samið um. Hvað sem því líður þá telur kæruneftndin eins og atvikum málsins er háttað að ekki séu forsendur til þess að líta svo á að fram séu komnar nægar sannanir til þess að slá því föstu, gegn mótmælum seljanda, að álitsbeiðandi eigi rétt á því að seljandi endurgreiði honum verð baggagreiðarinnar ásamt áföllnum kostnaði. Því er þeirri kröfu hans hafnað.

B

Í IV. kafla laga nr. 50/2000 er kveðið á um eiginleika söluhlutar galla o.fl. Í 1. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur skuli að því er varði tegund, magn, gæði og aðra eiginleika fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Í 2. mgr. sömu greinar segir að leiði ekki annað af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir séu venjulega notaðir til en geri hann það ekki sé hann gallaður, sbr. 4. mgr. 17. gr.

Kæruneftndin hefur leitað álits sérfróðs aðila á ástandi hemla dráttarvélarinnar eins og því er lýst í gögnum málsins af báðum aðilum, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar

nr. 766/2006. Niðurstaða nefndarinnar er sú að hemlar dráttarvélarinnar séu ekki í því lagi að álitsbeiðandi geti haft þau not af dráttarvélinni sem hann mátti búast við þegar hann festi kaup á henni. Má þar hafa í huga að álitsbeiðandi hefur sagt að hann treysti sér ekki til að nota dráttarvélinna við að koma heyrúllum inn í hlöður hestamanna vegna þess að hemlarnir virki ekki nægilega vel, en notar gamla dráttarvél til þeirra verka í staðinn. Er engin ástæða til að draga þá frásögn hans í efa. Það liggur enda fyrir í gögnum að af hálfu starfsmanna Y var sagt nauðsynlegt að fyrirmælum framleiðanda dráttarvélarinnar að skipta um svokallaða höfuðdælu sem ekki verður séð að enn hafi verið gert. Verður ekki annað talið en hér sé um galla á dráttarvélinni að ræða, sbr. þau ákvæði 17. gr. laga nr. 50/2000 sem rakin eru hér að framan.

Fyrir liggur í gögnum málsins að Y hefur boðist til að skoða vélinna vegna óánægju álitsbeiðanda með hemlana og segir það tilboð standa enn. Álitsbeiðandi hefur krafist úrbóta á þeim göllum sem eru á hemlum dráttarvélarinnar.

Það er álit kærunevndarinnar að Y beri skylda til þess að koma hemlum dráttarvélarinnar í lag sem fyrst þannig að álitsbeiðanda sé unnt að nota hana til allra þeirra verka sem á að vera hægt að nota dráttarvél eins og þá sem hann keypti. Sinni seljandi ekki úrbótaskyldu sinni ber honum að greiða álitsbeiðanda skaðabætur jafnháar þeim kostnaði sem því fylgir að koma hemlunum í fullkomið lag, sbr. ákvæði 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000.

C

Álitsbeiðandi hefur farið fram á bætur vegna óþæginda og afnotamissis sem hann segist hafi orðið fyrir vegna galla á dráttarvélinni.

Í 67. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir að skaðabætur vegna vanefnda af hálfu annars sammingsaðila skuli svara til þess tjóns, verðmunar og tapaðs hagnaðar sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna, en gallar teljast til vanefnda. Þetta gildi þó einungis um það tjón sem aðili gat með sanngirni séð fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefndar. Hér er kveðið á um bótarétt fyrir svokallað óbeint tjón, þ.e. annað tjón en það sem í gallanum sjálfum er fólgið, s.s. minna verðgildi söluhlutar. Í a til d-liðar 2. mgr. 67. gr. er rakið við hvað er átt með óbeinu tjóni og í b-liðnum segir að átt sé við tjón sem rekja megi til þess að hlutur kemur ekki að þeim notum sem að var stefnt.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 50/2000 segir í skýringum við 67. gr. að sé ekki hægt að staðreyna neitt fjárhagslegt tjón sé það aðalregla að ekki geti verið um bætur að ræða. Jafnframt er tekið fram að þótt í frumvarpinu sé ekki nein almenn regla um skaðabætur fyrir ófjárhagslegt tjón standi það þó ekki í vegi fyrir að greiddar verði í sanngjörnum mæli bætur fyrir vinnu sem innt hefur verið af hendi í frítíma og annað þess háttar.

Álitsbeiðandi hefur ekki gert sérstaklega grein fyrir hverju það fjárhagslega tjón nemur sem hann telur hafa leitt af því að hemlar dráttarvélarinnar voru ekki í lagi. Fram kemur í gögnum málsins að hann hafi haft not af dráttarvélinni við heyskap en ekki getað notað hana til þess að koma fyrir heyrúllum í hlöður eins og hann hafi ætlað sér. Kærunevndinni þykja og verulegar líkur á að gallinn á dráttarvélinni hafi haft í för með sér óþægindi og a.m.k. einhverjar verktafir og fyrirhöfn fyrir álitsbeiðanda eins og oftast vill verða undir slíkum kringumstæðum. Með þetta í huga er það álit nefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á nokkrum bótum, enda þótt hann hafi ekki beint tilgreint fjárhagslegt tjón sitt og verður við ákvörðun bótanna að hafa það í huga. Samkvæmt því

sem að framan segir þykir kærunefndinni hæfilegt að Y greiði álitsbeiðanda kr. 25.000 í bætur fyrir óþægindi og afnotamissi af dráttarvélinni.

VIII
Álitsorð

Y ber skylda til þess að koma hemlum á dráttarvél af gerðinni B sem álitsbeiðandi, X, keypti hjá fyrirtækinu í fullkomið lag og greiða honum kr. 25.000 í bætur.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

